

styrkumsókn frá nemendum lokaáfangna Fata og textílhönnunarbrautar Fjölbrautarskólans í Garðabæ

Til : Hulda Hauksdóttir
Frá : thorunnmaria@fg.is
Heiti : styrkumsókn frá nemendum lokaáfangna Fata og textílhönnunarbrautar Fjölbrautarskólans í Garðabæ
Málsnúmer : 1503130
Málsaðili : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Skráð dags : 02.02.2015 22:00:09
Höfundur : thorunnmaria@fg.is

Sæl og blessuð Hulda,

Nú í vor heldur lokaáfangi Fata og textílhönnunarbrautarinnar í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ metnaðarfulla tískusýningu eins og undanfarin ár. Dagsetning hefur verið ákveðin 24. Apríl en enn er verið að leita að heppilegri staðsetningu. Slíkri sýningu fylgir jafnan einhver kostnaður sem nemendur verða sjálfir að standa skil á og það reynist þeim oftast en ekki þungur baggi.

Fyrir hönd nemendahópsins sækir ég því um styrk til Menningar og safnanefndar Garðabæjar. Óskaupphæðin væri á bilinu 75.000-100.000 krónur.

Ekki er um eiginlega kostnaðaráætlun að ræða þar sem öllum kostnaði er haldið í lágmarki en styrkurinn færi í leigu á sal, leigu á ljósabúnaði, leigu á hljóðkerfi ef það er ekki til staðar, kostnaði við plaggat gerð og öðrum kostnaði sem til fellur og lendir annars á nemendum að greiða.

Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð viðbrögð,
Þórunn María Jónsdóttir
kennslustjóri á Fata og textílhönnunarbraut FG
s. 694 9240
?